

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

*Breyting á deiliskipulagi Menntaskólans á Akureyri og aðliggjandi íbúðarsvæðis.*

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar hefur þann 7. apríl 2020 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Eyrarlandsveg 31.

Breytingin felur í sér að heimilt verði að rífa núverandi hús við Eyrarlandsveg 31 og byggja nýtt hús.

Nýtingarhlutfall lóðarinnar hækkar úr 0,358 í 0,540.

Breyting er gerð á hverfisverndarákvæðum og að nýbygging taki mið af útliti núverandi húss og falli inn í götmynd húsanna við Eyrarlandsveg 27-35.

Mænishæð nýbyggingar verði að hámarki 6,8 m yfir gólfi 1. hæðar. Gólfkóti nýbyggingarinnar skal vera sá sami og gólfkóti 1. hæðar á núverandi húsi.

Þakhalli skal vera á bilinu 33-40° í samræmi við önnur hús í húsaröðinni.

Heimilt er að hafa útbyggingu utan við bindandi byggingarlínu í samræmi við núverandi hús og aðliggjandi hús í húsaröðinni.

Heimilt er að hafa kjallara undir nýbyggingunni.

Heimilt verður að gera 2-3 bílastæði á lóðinni með aðkomu frá Barðstúni.

Byggingarreitur á suðurhluta lóðar færir 2 m til norðurs, fjær lóðarmörkum.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 21. apríl 2020,*

**Margrét M. Róbertsdóttir** verkefnastjóri skipulagsmála.